

Arnarlax ehf
Sent rafrænt

Reykjavík, 3. júní 2025

Tilvísun: 202504013 / 2.3


Efni: Samræmi aukins eldis og stækkunar eldissvæða í Arnarfirði við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

Vísað er til umhverfismatsskýrslu Arnarlax ehf. um breytingu á afmörkun eldissvæða og aukningu lífmassa um 4.500 tonn vegna laxeldis í Arnarfirði sem kynnt var á Skipulagsgátt 3. mars 2025. Skipulagsstofnun veitir umsögn á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða þar sem kveðið er á um að leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skuli samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi og á grundvelli 3. mgr. 4. gr. laganna þar sem segir að Skipulagsstofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna.

Strandsvæðisskipulag Vestfjarða tók gildi í mars 2023. Þar er sett fram stefna um nýtingu og vernd svæðisins, bæði í greinargerð og á uppdrætti. Á uppdrætti er stefnan sett fram með nýtingarflokkum þar sem tiltekin starfsemi eða vernd er afmörkuð. Samkvæmt 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 skal leyfi til framkvæmda eða önnur starfsemi samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi.

Umhverfismatsskýrslan varðar umsókn Arnarlax um aukið eldi í Arnarfirði og stækkun á fimm eldissvæðum þ.e. við Hlaðsbót, Tjaldaneseyrar, Hringsdal, Kirkjuból og í Fossfirði. Fyrirhuguð breyting á eldissvæðum Arnarlax ehf., eins og hnit í umhverfismati framkvæmdarinnar gefa til kynna, tekur til reita í nýtingarflokkunum *staðbundin nýting* en fara jafnframt inn á aðra reiti skipulagsins þ.e. reiti í nýtingarflokknum *almenn nýting, umhverfi og náttúra* og *lagnir og vegir*, sjá nánar á mynd 1. Núverandi eldissvæði eru innan reita í nýtingarflokknum staðbundin nýting (SN) þ.e. SN7, SN8, SN10 og SN15.

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem skipulagið gerir til leyfisveitinga til fiskeldis. Skipulagsstofnun bendir á að við túlkun skipulagsins þurfi að horfa til mælikvarða skipulagsuppdráttarins og eðlis þeirrar stefnumörkunar sem skipulagið felur í sér.



Mynd 1. Úr uppdrætti Strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Skipulagsreitur ætlaðir til staðbundinnar nýtingar eru táknaðir með bleikum lit. Svartir ramar tákna fyrirhugaða breytingu á afmörkun eldissvæða.

Samræmi við Strandsvæðisskipulag Vestfjarða 2022

Í strandsvæðisskipulaginu er sett fram stefna um nýtingu og vernd á strandsvæðum Vestfjarða auk þess sem sett eru fram almenn skipulagsákvæði fyrir hvern nýtingarflokk og sértæk skipulagsákvæði fyrir einstaka reiti.

Hér fyrir neðan er nánar gerð grein fyrir ákvæðum hvers nýtingarflokks og hvort aukið sjókvíaelði samræmist ákvæðum viðkomandi flokks.

Staðbundin nýting

Núverandi eldissvæði eru innan reita í nýtingarflokknum *staðbundin nýting*. Fyrirhuguð stækkun á eldissvæðum gerir ráð fyrir að þau séu að hluta til enn inn á þeim reitum en þar er m.a. gert ráð fyrir að hægt sé að stunda sjókvíaelði.

Almenn ákvæði fyrir staðbundna nýtingu sem helst hafa tengingu við málið eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir uppbyggingu staðbundinnar nýtingar á reitunum og skal aðstæðum til hennar viðhaldið.
- Atvinnuveiðar, ferðapjónusta og útivist geta farið fram innan svæðisins þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð/nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar.
- Við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld.

Áhættumat siglingaöryggis liggur ekki fyrir en slíkt er forsenda þess að leyfisveiting sé í samræmi við strandsvæðisskipulag.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða er heimilt að stunda atvinnuveiðar, ferðapjónustu og útivist innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokkinn *staðbundin nýting* þar sem fastur búnaður er ekki til staðar og truflun verður ekki á staðbundinni starfsemi eða slík umferð eða nýting takmarkar ekki þróunarmöguleika staðbundinnar nýtingar. Ákvæði um það ætti að koma fram í rekstrar- og starfsleyfum.

Sértæk ákvæði gilda á öllum reitum, ýmist um mótvægisaðgerðir vegna sjónrænna áhrifa, áhrifa á fuglalíf eða bæði. Nánari grein verður gerð fyrir mótvægisaðgerðum í áliti Skipulagsstofnunar um umhverfismatskýrsluna.

Staðbundin nýting inni á almennri nýtingu

Fyrirhuguð framkvæmd, eins og henni er lýst í umhverfismatskýrslu, gerir ráð fyrir því að öll eldissvæði stækki og nái þannig að hluta til inn á reiti í nýtingarflokknum almenn nýting. Stækkun eldissvæða er mismikil eftir svæðum en í heildina eykst flatarmál eldissvæða úr 5,9 km² í 29 km² svo um er að ræða stækkun um 390%.

Strandsvæðisskipulag setur fram stefnu um auðlindanýtingu þar sem m.a. kemur fram að nýting auðlinda strandsvæðis Vestfjarða byggji á vistkerfisnálgun og rýri ekki vistkerfi, náttúru- og menningarminjar eða ástand sjávar. Stuðla á að fjölbreyttri nýtingu strandsvæðis Vestfjarða og sveigjanleika í auðlindanýtingu.

Almenn skipulagsákvæði fyrir nýtingarflokkinn *almenna nýtingu* sem helst hafa tengingu við málið eru:

- Á reitunum er gert ráð fyrir almennri nýtingu strandsvæða svo sem til atvinnuveiða, ferðaþjónustu og útivistar ásamt hefðbundnum nytjum til einkanota og skal aðstæðum til almennrar nýtingar viðhaldið.

Samkvæmt skilgreiningu á nýtingarflokknum *almenn nýting* getur átt við að heimila staðbundna nýtingu, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku og ræktun og slátt sjávargróðurs á svæðum sem skilgreind eru í nýtingarflokknum *almenn nýting*. Auk leiðarljósa, stefnu og skipulagsákvæða strandsvæðisskipulagsins skal við ákvörðun um leyfisveitingar til staðbundinnar nýtingar, innan reita sem skilgreindir eru í nýtingarflokknum *almenn nýting*, taka mið af eftirfarandi, sbr. kafla 7.3 í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða:

- Að staðbundin nýting takmarki ekki aðgengi að þekktum/mikilvægum veiðislóðum.
- Að staðbundin nýting hindri ekki siglingar um skipulagssvæðið. Taka skal mið af núverandi umferð og viðmiðum um afmörkun svæða til siglinga.
- Að staðbundin nýting rýri ekki möguleika til útivistar og ferðaþjónustu á svæðum sem þekkt eru fyrir útivist, á þekktum viðkomustöðum ferðamanna eða þar sem áformuð er uppbygging til útivistar og ferðaþjónustu.

Fyrirséð er að framkvæmdin er takmarkandi þegar kemur að aðgangi að veiðislóð og fyrir útivist og ferðaþjónustu eins og fram kemur í umhverfismati framkvæmdarinnar. Einnig er hluti eldissvæðanna inn á hvítum ljósgeira. Ekki liggur fyrir hvort að mótvægisaðgerðir sem skilgreindar eru í áhættumati siglingaöryggis séu fullnægjandi. Skipulagsstofnun telur, miðað við þau gögn sem liggja fyrir, að fyrirhuguð stækkun eldissvæða sé það umtalsverð og stefnumarkandi fyrir nýtingu Arnarfjarðar að hún samræmist ekki Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022 þegar horft er til þeirrar stefnu sem sett er fram í greinargerð og afmörkun reita til ákveðinnar nýtingar á uppdrætti. Skipulagsstofnun telur jafnframt að málið sé af því umfangi að svæðisráð þurfi að fjalla um það og taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við þá heimild sem skilgreint er í kafla 7.3.

Lagnir og vegir

Eldissvæðið við Tjaldaneseyrar er að hluta til innan reits LV6 Bíldudalur – Tjaldanes, sjá mynd 1. Á reit LV6 liggur fjarskiptastrengur í eigu Mílu og íslenska ríkisins en auk þess er áformaður raforkustrengur á eystri hluta reitsins og verður hann í eigu Landsnets.

Um reiti í nýtingarflokknum *lagnir og vegir* gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

- Á reitunum skal stuðla að öruggum raforkuflutningi, fjarskiptum sem og öðrum flutningi eftir lögnum ásamt öryggi og viðhaldi vega sem þvera firði þar sem þeirra nýtur við.

- Innan reitanna eru siglingar heimilar, sem og ferðapjónusta og útivist og önnur starfsemi sem hefur ekki áhrif á öryggi veitulagna.
- Á reitunum er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna. Leita þarf umsagna eigenda flutningskerfa við veitingu leyfa til efnistöku og eldis eða ræktunar nytjastofna innan marka skipulagsreita.

Umsögn Landsnets um umhverfismatsskýrsluna liggur fyrir og telur fyrirtækið það verulegum annmörkum háð og of áhættusamt að stækka eldissvæðið við Tjaldeyrarnes. Í umsögn Mílu um umhverfismatsskýrsluna kemur fram að fyrirtækið fari fram á að ekki verði hróflað við akkerum eða öðrum festingum sem eru nú þegar innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengsins, sem skilgreint er í 86. gr. lag um fjarskipti nr. 70/2022. Umfang nýtingareits LV6 endurspeglar helgunarnasvæði strengsins.

Í ljósi þess að eldissvæði eru skilgreind inn á reit LV6 telur Skipulagsstofnun stækkun eldissvæðis við Tjaldaneseýrar, eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslu, sé ekki í samræmi við ákvæði Strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022.

Umhverfi og náttúra

Eldissvæðin við Hringsdal og Kirkjuból ná inn á reit UN5 Suðurströnd Arnarfjarðar að Hvestu, sjá mynd 1. Reitnum er lýst svo í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða:

Aðliggjandi land er á náttúruinjasrá (nr. 340) vegna sérkennilegs og óvenjulegs landslags. Grunnir dalir milli hárra, þverhníptrar hamrafjalla sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi. Í samráði við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum kom fram að á skipulagsreitnum og í nágrenni við hann væri stunduð fjölbreytt útivist, svo sem skútusiglingar og aðrar skemmtisiglingar, sjóstangveiði, fuglaskoðun, sjósund, brimbrettaiðkun og gönguferðir í fjörunni. Í samráðinu var einnig bent á mikilvægi Hvestu og Bakkadals fyrir sérstöðu Vestfjarða. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða (2021) gerir ráð fyrir uppbyggingu stærri áningarstaðar við Hvestu. Í Nýtingaráætlun Arnarfjarðar 2012-2024 var gert ráð fyrir svæði til útivistar meðfram suðurströnd Arnarfjarðar.

Almenn ákvæði eru skýr hvað varðar fiskeldi innan reita í nýtingarflokknum *umhverfi og náttúra*, en þau gera ekki ráð fyrir slíkri starfsemi, sjá nánar almenn ákvæði nýtingarflokksins:

- Stuðla skal að verndun umhverfis og náttúru á reitunum. Ferðapjónusta og útivist skal taka mið af gildi náttúru, landslags, sögu og menningar þess. Í því felst að raska sem minnst ró dýra, vistkerfum og menningarminjum auk þess að rýra ekki gæði strandsjávar.
- Aðstæðum fyrir hefðbundna nýtingu innan reitanna til atvinnuveiða eða nytja til einkanota verði viðhaldið.
- Lagning veitulagna, akkerislægi og sambærileg nýting er möguleg innan reitanna en lágmarka skal allt rask og truflun dýra eins og kostur er.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir ræktun eða öflun sjávargróðurs, skeldýrarækt eða efnistöku, en mögulegt er að veita slík leyfi falli starfsemin að áherslum nýtingarflokksins og umsagnir Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar mæla ekki gegn slíkri nýtingu.
- Til þess að viðhalda náttúrulegum aðstæðum er ekki gert ráð fyrir starfsemi á reitunum sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði eða orkuframleiðslu.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að ekki er gert ráð fyrir staðbundinni nýtingu innan reits UN5, telur Skipulagsstofnun að stækkun eldissvæðanna Hringsdal og Kirkjuból inn á reitinn ekki samræmast ákvæðum Strandsvæðisskipulags Vestfjarða 2022.

Siglingar

Afmörkun fyrirhugaðs eldissvæðis við Hringsdal fer lítilla inn á reit SI2 Arnarfjörður, sjá mynd 1.

Almenn ákvæði eru skýr hvað varðar fiskeldi innan reita í nýtingarflokknum *siglingar*, en þau gera ekki ráð fyrir slíkri starfsemi, sjá nánar almenn ákvæði fyrir siglingar:

- Stuðla skal að öruggum og greiðum siglingum. Jafnframt er gert ráð fyrir að bátar og skip geti siglt utan þessara reita þar sem önnur nýting takmarkar ekki siglingar. Skilgreining reita í nýtingarflokknum *Siglingar* takmarkar ekki atvinnuveiðar eða rannsóknir Hafrannsóknastofnunar að því gefnu að þær hindri ekki siglingar.
- Lagning veitulagna getur átt við á reitum fyrir *Siglingar* að teknu tilliti til siglingaöryggis.
- Almennt er ekki gert ráð fyrir haugsetningu eða efnistöku innan reita fyrir *Siglingar* en mögulegt er að veita slík leyfi að undangenginni umsögn hafnaryfirvalda þar sem ekki er mælt gegn slíkri nýtingu.
- Innan reita sem skilgreindir eru fyrir *Siglingar* er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum eða staðbundinni starfsemi/nýtingu sem hindrar för skipa eða hefur áhrif á siglingaöryggi svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, efnistöku, ræktun eða slætti sjávargróðurs, orkuframleiðslu, akkerislægjum eða vegum sem þvera firði.

Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að afmörkun fiskeldissvæða innan reits SI2 ekki samræmast Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða 2022.

Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur svo umfangsmikla stækkun á eldissvæðum út fyrir skilgreinda reiti til staðbundinnar nýtingar inn á almenna nýtingu, siglingar, lagnir og vegi, umhverfi og náttúru vera stefnumarkandi fyrir nýtingu Arnarfjarðar og ekki í samræmi við gildandi strandsvæðisskipulag.

Nýtt svæðisráð hefur ekki verið skipað eftir kosningar eins og lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gera ráð fyrir. Nýlega samþykkti Alþingi frumvarp til breytinga á lögunum sem endurspeglar breytt fyrirkomulag málefna innan stjórnarráðsins hvað varðar tilnefningu og skipan í svæðisráð. Gera má ráð fyrir að ráðherra skipi svæðisráð fljótlega eftir að lögin hafa tekið gildi með birtingu í A deild stjórnartíðinda.

Bent er á 14. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða. Þar er kveðið á um að ef Skipulagsstofnun eða sveitarfélag telur að gera þurfi breytingu á strandsvæðisskipulagi skuli tilkynna það til ráðherra en ráðherra getur einnig að eigin frumkvæði óskað eftir því við svæðisráð að vinna tillögu að breytingum á strandsvæðisskipulagi telji það þörf á því. Ef framkvæmdaraðili vill óska eftir því að gerð verði breyting á Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða getur hann sent rökstudda beiðni þar um.

Ólafur Árnason

Ester Anna Ármannsdóttir

